



Minnisblað - umferðaröryggi hringakstur á Suðureyri

Bæjarstjóri, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og sviðsstjóri umhverfissviðs hafa fundað með formanni hverfisráðs Súgandafjarðar, þar sem fram komið ábendingar og áhyggjur um umferðaröryggi í kringum skólann/íþróttahúsið á Suðureyri við upphaf og lok skóladags.

Ábendingar eru á þann veg að mikill hraðakstur er um Túngötu, að og frá skóla úr tveimur áttum, bílar að fara inn í og bakka út úr bílastæðum á sama tíma og verið er að stöðva við skólann til að hleypa börnum út, auk gangandi umferðar nálægt ökutækjum. Þegar myrkur og snjór er á svæðinu eykst slyshætta enn frekar. Óskað hefur verið eftir úrbótum til að einfalda akstur og straumlínulaga aðkomu akandi að skólanum.

Í fundargerð hverfisráðsins, dags. 26. apríl 2023, er fjallað um þessa hættu og óskað úrlausnar, auk þess sem óskað er skoðunar á því að gera Túngötu að vistgötu. Þar kemur einnig fram að búið er að setja upp lokunarpósta við Túngötu 6, til að stöðva hraðakstur um götuna.

Samkvæmt 9. gr. umferðarlaga ber um vistgötu að aka hægt og eigi hraðar en 15 km/klst. Umferð gangandi og akandi er jafnvíg, og er þannig heimilt að dveljast og vera að leik á vistgötu. Ökumaður skal sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Vistgata skal sérstaklega merkt sem vistgata og ökutæki má ekki leggja í vistgötu nema á merktum stæðum.

Ísafjarðarbær sem veghaldari, sbr. 9. gr. vegalaga, getur með samþykki lögreglu, getur breytt notkun vegar, t.d. þannig að einstefna verði á ákveðnum hluta Túngötu, sbr. c lið 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga.

Óskað er eftir afstöðu bæjarráðs til þess að gera Túngötu (t.d. svæði frá gatnamótum við kirkju að Túngötu 6/gatnamótum við Aðalgötu) að vistgötu, en sú breyting þarf samþykki lögreglu.

Jafnframt að óskað afstöðu bæjarráðs til þess að óska samþykkis lögreglustjóra á að setja upp einstefnu við vestari enda Túngötu (t.d. við hús nr. 6), til að nokkurs konar „hringakstur“ myndist við skóla/íþróttahús, til að bæta umferðaröryggi á svæðinu. Gæta þarf þó að aðkomu íbúa í húsi nr. 6 að húsi og bílskúr.

Myndir 1 – tillaga að hringakstri og einstefnu með breytttri notkun vegar



Mynd 2-3 – myndir af svæðinu teknar 6. júní 2023

